

Undirbúningur að stofnun sérnáms í tiltekinni sérgrein eða undirsérgrein

Stefna og leiðbeiningar

Reglugerð nr. 856/2023, um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi, kveður á um skipulag og stýringu sérnáms í sérgreinum lækninga. Í 22. – 24. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um starfsemi og hlutverk mats- og hæfisnefndar (MHN). Þar kemur m.a. annars fram í 22. gr., töluliðum nr. 6 og nr. 8; að nefndin skuli „Gera tillögur til ráðherra um hvaða sérgreinar sé boðið upp á sérnám í hér á landi og hvað þær skuli kallast.“ og „veita umsagnir sem krefjast faglegrar sérþekkingar nefndarinnar.“ Stefnuskjal þetta byggir á ofangreindum ákvæðum reglugerðarinnar.

Áður en mats- og hæfisnefnd getur gert tillögu til ráðherra um að boðið verði upp á sérnám í tiltekinni sérgrein eða undirsérgrein, þurfa eftirfarandi skilyrði að liggja fyrir:

1. Sameiginlegt álit forstöðumanns viðkomandi fræðasviðs við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknis og/eða kennslustjóra viðkomandi greinar við Landspítala og/eða Sjúkrahúsið á Akureyri.

Álitið þarf að vera samdóma milli þessara aðila, og þarf að rökstyðja með skýrum hætti að þörf sé á slíku sérnámi á Íslandi, út frá öryggi og gæðum þjónustu við sjúklinga og út frá sjálfbærni í rekstri heilbrigðisþjónustu til framtíðar. Fram þarf að koma að sérnámið taki mið af sambærilegu námi á Norðurlöndum eða í Bretlandi eða hjá evrópskum aðilum sem eru viðurkenndir af evrópskum félagasamtökum svo sem CPME, UEMS, Royal College of Physicians/General Medical Council í Bretlandi, eða sambærilegum alþjóðlegum samtökum.

2. Álit yfirlæknis sérnáms á Landspítala og framhaldsmenntunarráðs lækninga.

Fram þarf að koma að þessir aðilar mæli eindregið með því að viðkomandi nám verði stofnað. Rökstuðningur þarf að koma frá þessum aðilum varðandi öryggi og gæði þjónustu við sjúklinga og út frá sjálfbærni í rekstri heilbrigðisþjónustu til framtíðar. Einnig þarf að koma fram hvers konar jákvæð og neikvæð áhrif hið nýja nám hafi á sérnám í öðrum greinum. (Samlegðaráhrif og/eða hugsanleg hindrandi áhrif).

3. Ef um nýja sérgrein er að ræða, sem ekki hefur verið stunduð/samþykkt formlega sem sérgrein á Íslandi áður, skal fara skv. ákvæðum 21. gr. reglugerðar nr. 856/2023. Sé ný sérgrein stofnuð á grunni þessara ákvæða, gildir #1. og #2. hér ofar. Ef forsvarsaður nýju fræðigreinarinnar er ekki til á Íslandi, er leyfilegt að slíkur forsvarsaður starfi við viðurkennda erlenda stofnun. MHN sér um að meta einstök tilfelli af þessu tagi, enda er gert ráð fyrir að þau verði sjaldgæf.

Uppfylli nýtt nám í sérgrein eða undirsérgrein ofangreind skilyrði, tekur MHN sameiginlega tillögu frá forsvarsmanni fræðasviðs, yfirlækni sérgreinar og/eða kennslustjóra og yfirlækni sérnáms á Landspítala/Sjúkrahúsinu á Akureyri, til formlegrar skoðunar.

Ef niðurstaða þeirrar skoðunar er jákvæð, og meirihluti nefndarmanna samþykkir tillöguna, gerir MHN tillögu til heilbrigðisráðherra um að sérnám skuli veitt í viðkomandi grein.

Útgáfudagur: 15.01.25.

Endurskoðist fyrir: 15.01.26.